



### FYRIR



Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025  
Staðfest af Skipulagsstofnun 10.07.2014 með síðari breytingum  
1:15.000

### EFTIR



Færsla á legu Hamraneslína 1 og 2  
Mörk skipulagsbreytinga  
1:15.000

### SKÝRINGAR

- Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Athafnasvæði
- Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- Fristundabyggð
- Flugvelli
- Hafnir
- Iðnaðarsvæði
- Kirkjugarðar og grafreitur
- Landbúnaðarsvæði
- Miðsvæði
- Opin svæði
- Samfélagsþjónusta
- Skipulagi frestað
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Sérstök not haf- og vatnssvæða
- Strandsvæði
- Vötn, ár og sjór
- Vatnsból
- Vegur, götur og stígar
- Veitur
- Varnar- og öryggissvæði
- Verslun- og þjónusta
- Íbúðarbyggð
- Íþróttasvæði
- Óbyggð svæði
- AT/I Blönduð landnotkun
- Hverfisvernd
- Mislæg gatnamót
- Vatnsból
- Minjavernd
- Undirgöng
- Þéttbýlismörk, Mörk
- Vegur, götur og stígar, Stofnvegur/stofnbraut
- Vegur, götur og stígar, Tengivegur/tengibraut
- Vegur, götur og stígar, Aðrir vegir og götur
- Vegur, götur og stígar, Göngu- og hjóreiðaleið
- Vegur, götur og stígar, Jarðgöng
- Vegur, götur og stígar, Reiðleið
- Veitur, Fráveita
- Veitur, Hitaveita
- Veitur, Rafveita, loftlína
- Veitur, Rafveita, jarðstrengur
- Veitur, Vatnsveita
- Friðlýst svæði
- Hverfisvernd
- Minjavernd
- Skipulagi frestað
- Varúðarsvæði
- Vatnsvernd fjarssvæði
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vaxtarmörk þéttbýlis
- Önnur náttúruvernd

### Greinargerð

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna færslu á legu Hamraneslína 1 og 2 frá strengendavirki milli Ásvallabrautar og Kaldárselsveggar að tengivirkni í Hamranesi. Á þessum kafla verða þær í jörðu. Móstur Hamraneslína frá nýju strengendavirki að Hamranesi verða tekin niður.

### 1 Forsendur

#### 1.1 Flutningskerfi raforku

Landsnet hefur á undanföllum árum unnið að framtíðar fyrirkomulagi raforkumannvirkja í Hafnarfirði og á höfuðborgarsvæðinu. Þórf er á breytingum á flutningskerfinu vegna þróunar byggðar. Hafnarfjörður hefur lagt áherslu á að rafliður, næst byggð verði í jörðu, sem er í samræmi við stefnu stjórnvalda um lagningu rafliña sbr. þingsáttaknr. nr. 26/148 og 11/144.

Þessar breytingar ná m.a. til legu og útfærslu Hamraneslína 1 og 2 innan Hafnarfjarðar, þannig að þær hindri ekki frekari uppbyggingu Skarðshlíðarhverfis, Álandshverfis og Hamraness í Hafnarfirði.

Vegna niðurstaðna jarðvísindamanna hefur Landsnet ákveðið að fresta um sinn ákvörðunum um byggingu Lyklafellslína 1. Í samræmi við það hefur Landsnet óskað eftir breytingum á aðalskipulagi Hafnarfjarðar þannig að Hamraneslínur 1 og 2 fari í jörðu og breyting verði gerð á legu þeirra. Tillaga á legu og útfærslu breytinganna hefur verið gerð í samráði við Hafnarfjarðarbæ.

#### 1.2 Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins 2040

Stefna svæðisskipulags Höfuðborgarsvæðisins er að Hamraneslínur 1 og 2 verði fjarlægðar og Lyklafellslína 1 komi í þeirra stað. Einnig er það stefna að háspennulínum innan höfuðborgarsvæðisins verði ekki fjölgað og frekar skuli horfa til þess að leggja strengi í jörðu eða auka flutningsgetu núverandi háspennulína með hærrí spennu.

Áform um að leggja Hamraneslína 1 og 2 í jörðu í eru samræmi við þá stefnu með því að fækka loftlínum og leggja í stað þess jarðstrengi.

#### 1.3 Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025

Í kafla 2.2.25 Veitur í aðalskipulagi Hafnarfjarðar kemur fram sú stefna að Hamraneslínur 1 og 2 verði rífar á skipulagstímabilinu, og samkvæmt samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets verður niðurri þeirra lokið eigi síðar en 2020.

Breyta þarf tímasetningum um niðurri.

### 2 Breytingar á aðalskipulagi

Breytingar eru gerðar annars vegar á greinargerð, kafla 2.2.25 Veitur, þeim hluta sem fjallar um rafmagn, og hins vegar þéttbýlisuppdrætti. Breytingar í greinargerð taka til 2. mgr. og viðauka sem staðfestur var með aðalskipulagsbreytingu 8.1.2019.

#### 2.1 Núverandi texti:

Að og frá tengivirkni við Hamranes ganga eftirtaldir línur í eigu Landsnets. 220 Kv. Hamraneslínur 1 og 2 til austurs áleiðis að Geithálsi. Þær eru báðar á sömu mörstrum og flytja í dag 2/3 þess afls sem notað er í ÍSAL. Þær verða rífar á skipulagstímabilinu, og samkvæmt samkomulagi Hafnarfjarðarbæjar og Landsnets verður niðurri þeirra lokið eigi síðar en 2020.

Viðauki við gr. 2.2.25 er eftirfarandi: Í ljósi niðurstöðu Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðindamála frá 26.03.2018 er varðar Lyklafellslína 1, þarf að færa legu Hamraneslínna til bráðabirgða.

#### 2.2 Breyting á kafla 2.2.25:

Breyting verður á 2. mgr. kaflans um rafmagn og verður eftirfarandi:

Að og frá tengivirkni við Hamranes ganga eftirtaldir línur í eigu Landsnets. 220 Kv. Hamraneslínur 1 og 2 til austurs áleiðis að Geithálsi. Þær eru báðar á sömu mörstrum og flytja í dag 2/3 þess afls sem notað er í ÍSAL. Verða Hamraneslínur 1 og 2 teknar niður innan sveitarfélagsins og þær lagðar í jörðu. Áfangaskipta má þeirri framkvæmd.

Viðauki við kafla 2.2.25 er felldur út.

### 3. Umhverfismat

Breytingar á Hamraneslínur 1 og 2 eru tilkynningaskilyrði til ákvörðunar um matskyldu til Skipulagsstofnunar skv. flokki B, sbr. tl. 13.02 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Fyrir liggur ákvörðun Skipulagsstofnunar, dags. 3. apríl 2023, um að framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skal því framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Umhverfismatsskýrsla skipulagsbreytingarinnar grundvallast á matskyldufyrirspurn, ákvörðun Skipulagsstofnunar um matskyldu og þeim umsögnum sem bárust um matskyldufyrirspurn. Í umhverfismati skipulags er litið til valkosta við samþurð á umhverfisáhrifum. Aðalskipulagsbreytingin tekur til hluta framkvæmda sem voru í matskyldufyrirspurn.

#### 3.1 Niðurstaða umhverfismats

Helstu áhrifin verða vegna beins rasks á umhverfi og breytinga á ásynnd í nágrenni núverandi legu Hamraneslína 1 og 2. Beint rask með tilkomu jarðstrengja er áætlað 12-20 m breitt. Jafnframt verður beint rask vegna niðurrifs mastra. Verulegar jákvæðar breytingar verða á ásynnd svæðis þar sem línur liggja í dag. Rask verður á eldhrauni næst Hamranesi. Hafnarfjarðarbær telur að fyrir liggja skýr og brýn nauðsyn að raska hrauninu á takmörkuðu svæði, til þess að unnt sé að þróa byggð í Skarðshlíðarhverfi, Álandshverfi og Hamranesi. Það hefur lengi staðið til að færa eða taka niður Hamraneslínur, m.a. til að rýma fyrir þróun byggðarinnar.

Í umhverfismati var litið til tveggja valkosta, sem eru (1) Hamraneslínur 1 og 2 fari í jörðu á allt að 4 km löngum kafla og (2) núll-kostur, þ.e. óbreytt ástand og Hamraneslínur 1 og 2 verði áfram.

	(1) Hamraneslínur í jörðu og móstur tekin niður	(2) Núll-kostur, óbreytt ástand
Lífriki	(-) Neikvæð áhrif á gróðurfar	(0) Engin áhrif á gróðurfar
Jarðmyndanir	(+) Jákvæð áhrif á fuglalíf	(-) Neikvæð áhrif á fuglalíf
Jarðmyndandi	(-) Neikvæð áhrif á eldhraun	(0) Engin áhrif á eldhraun
Landslag og ásynnd	(++) Mjög jákvæð áhrif	(-) Neikvæð áhrif á ásynnd
Landnýting	(++) Mjög jákvæð áhrif	(-) Neikvæð áhrif
Heilsa	(+) Jákvæð áhrif á heilsu	(0/-) Överuleg áhrif á heilsu
Fornleifar	(0/?) Överuleg áhrif, en háð óvissu	(0) Engin áhrif á fornleifar

### 4. Skilmálar

- Helgunarsvæði jarðstrengja Hamraneslína 1 og 2 er 20 m. Helgunarsvæði skiptist í athafnasvæði og öryggissvæði.

#### Öryggissvæði:

Svæði næst jarðstreng til beggja átta. Þar gildir eftirfarandi:

- Byggingarbann gildir.
  - Öll röskun er óheimil að frátöldum efstu 30 cm á ræktuðu landbúnaðarlendi.
  - Hafa þarf samráð við Landsnet um lagningu hvers kyns lagna- eða vegslóða sem þvera strengleið.
  - Plöntun hvers kyns trjágróðurs er óheimil.
  - Rætur trjágróðurs mega ekki ná inn á svæðið.
  - Niðurrekstur giröngastaura er óheimill innan svæðis.
- #### Athafnasvæði:
- Svæði, sem gera má ráð fyrir að verði fyrir röskun á framkvæmdatíma við lagningu strengs og í bilana-tílvikum. Athafnasvæðið er jafn breitt svæði sitt hvorum megin við öryggissvæðið.
- Byggingarbann gildir.
  - Öll röskun lands að frátöldum efstu 30 cm á ræktuðu landbúnaðarlendi þarf að vera í samráði við Landsnet.
  - Þar sem giröngar þvera strengleiðina, eru giröngastaurar heimildir innan athafnasvæðisins í samráði við Landsnet.
  - Plöntun trjáplantna með djúpstæðar og/eða ágengar rætur er óheimil, t.d. aspir, greni, lerki og furur.
  - Óáengni til viðgerða á strengnum þarf að vera tryggð um umferð tækja til viðgerða í bilanatíflillum er í samráði við landeigenda.

- Með framkvæmdaleyfismátt þarf að leggja fyrir forleifakönnun og umsögn Minjastofnunar Íslands um hana.

Ef áður óþekktar minjar finnast á framkvæmdatíma, skal haft samband við Minjastofnun Íslands, sbr. 24. gr. laga um nr. 80/2012, og framkvæmd stöðvuð uns fengin er ákvörðun stofnunarinnar um fram-haldið. Ef tilefni er til verða minjar í hættu merktar á framkvæmdatíma.

### 5. Skilmálar

- Sækja þarf um framkvæmdaleyfi fyrir lagningu Hamraneslínur 1 og 2 í jörðu, og samhlöða þarf leyfi til að taka niður núverandi móstur Hamraneslína 1 og 2.
- Leyfi Orkustofnunar þarf fyrir færslu Hamraneslína 1 og 2.

### SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. tt. skipulagslaga nr. 123/2010 og 5. gr. laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana

Tillaga var auglýst frá 13. September 2023

til 25. október 2023 og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann 8. nóvember 2023

Bæjarstjórnin í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

þann 13. desember 2023

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í

B-deild stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 2023

Hnitakerfi: ISN93 Blaðstærð: A1

Tekning: 23365\_A\_T\_THU\_01

Skipulag: IAK Vitrifarið:

# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025

## SVÆÐI: MILLI ÁSVALLABRAUTAR OG KALDÁRSELSVEGAR AÐ TENGIVIRKI Í HAMRANESI

BREYTING Á HAMRANESLÍNU 1 OG 2,  
FÆRSLA Á LEGU OG ELDRI LEGA FELLD ÚR SKIPULAGI



UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ HAFNARFJARÐAR  
dags. Lagfært dags. skv. aths.  
Skipulagsstofnunar dags.